

## Fundargerð

Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands haldinn föstudaginn 04. nóvember 2016, kl. 14:20 á Borgarfirði. Mættir: Björn Ingimarsson fh. Fljótsdalshéraðs, Páll Bj. Guðmundsson fh. Fjarðabyggðar, Vilhjálmur Jónsson fh. Seyðisfjarðarkaupstaðar, Ólafur Áki Ragnarsson fh. Vopnarfjarðarhrepps, Gunnþórunn Ingólfsdóttir fh. Fljótsdalshrepps, Jón Þórðarson fh. Borgarfjarðarhrepps, Gauti Jóhannesson fh. Djúpvogshrepps og Sif Hauksdóttir fh. Breiðdalshrepps og Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður Skólaskrifstofu Austurlands.

### Dagskrá:

#### 1. Setning

Formaður Skólaskrifstofu Austurlands Jón Þórðarson setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og gekk síðan til dagskrár.

#### 2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Lögð var fram tillaga um Jón Þórðarson sem fundarstjóra og Sigurbjörn Marinósson sem fundarritara og var það samþykkt samhljóða.

#### 3. Skýrsla stjórnar

Jón Þórðarson formaður flutti munnlega skýrslu.

#### 4. Ársreikningur SKA 2015

Forstöðumaður lagði fram ársreikning 2015 fram en reikningurinn er þegar áritaður af stjórn, forstöðumanni, skoðunarmönnum og endurskoðenda. Jafnframt lagði forstöðumaður fram ársskýrslu skrifstofunnar fyrir síðastliðið ár. Helstu niðurstöðutölur fyrir árið 2015 eru:

Rekstrartekjur: 525.665.532,-

Rekstrargjöld: 531.113.861,-

Rekstrarniðurstaða eftir fjármagnsliði: ( kr. 3.725.294,-)

Ársreikningurinn samþykktur samhljóða.

#### 5. Fjárhagsáætlun 2017

Forstöðumaður lagði fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 og útskýrði. Gert ráð fyrir að framlög sveitarfélaga verði kr. 61.751.469,- Aðrar tekjur, samtals kr. 502.701.469, rekstrargjöld samtals kr. 508.701.469,- mismunur kr. 6.000.000,- verði greiddur úr sjóði.

Forstöðumaður fór yfir fyrirbyggjandi beiðni SKA um auka fjárframlag á miðju næsta ári upp á kr. 5,0 milljónir til aukningar á sálfræðiþjónustu vegna biðlista. Nokkur umræða varð um beiðnina og var samþykkt að vísa henni til stjórnar til frekari skoðunar og ákvörðunar, stefnt að niðurstöðu eigi síðar en 1. mars 2017.

Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða og meðferð beiðni um auka fjárframlag.

#### 6. Skoðunarmenn

Borin var upp eftirfarandi tillaga:

Aðalmenn:

Þóroddur Helgason Reyðarfirði

Kristinn Briem Reyðarfirði

Til vara:

Andrea Borgþórsdóttir Reyðarfirði

Sigurlaug Jónasdóttir Egilsstöðum

Samþykkt samhljóða.

#### 7. Önnur mál

Nokkur umræða varð um nýtingu skólahúsnaðis og hvort eða hvernig er hægt að ná betri nýtingu á því en er í dag. Staðan er nokkuð mismunandi er eftir sveitarfélagum og var samþykkt að taka það til frekari skoðunar í stjórn SKA.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:45.

Sigurbjörn Marinósson